



ÁRBORG	
Brnr: 13.61	Mótt: 26.08.21
Ábm: BB	Mnr: 21041153

## Samningur um rekstur upplýsingamiðstöðvar á Selfossi

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, hér eftir nefnt Árborg og Penninn/Eymundsson, kt. 560109-0670 hér eftir nefndur rekstraraðili, gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

### 1.gr.

Rekstraraðili tekur að sér að annast daglegan rekstur á upplýsingamiðstöð á Selfossi sem þjónustar Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Staðsetning upplýsingamiðstöðvar er í húsnæði rekstraraðila í nýjum miðbæ Selfoss í „Egilsson húsinu“.

Markmið upplýsingamiðstöðvarinnar er að veita réttar og góðar upplýsingar til ferðamanna og viðhalda virku samstarfi við þjónustuaðila á svæðinu.

Í daglegum rekstri felst m.a.:

- Umsjón með bæklingum og upplýsingaskjá
- Veita upplýsingar um svæðið til þeirra sem leita í upplýsingamiðstöðina. Mikilvægt er að viðskiptavinir fái góða þjónustu og þeim kynntir helstu möguleikarnir í nærumhverfinu (Árborg og Flóahreppur) sem og helstu náttúruperlur Suðurlands
- Vera í samstarfi við þjónustuaðila á svæðinu. Bæði beint og í gengum tengiliði Árborgar. Koma til skila ábendingum sem gætu borist frá ferðamönnum og benda á sérstaka viðburði sem eru í gangi hjá þjónustuaðilum

Árborg leggur til tölvu fyrir starfsmann og einn upplýsingaskjá en rekstraraðili sér um annan búnað sem viðkemur rekstrinum sem ekki er tilgreindur hér nema um annað sé sérstaklega samið.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að gæta hagsmuna og jafnræðis meðal allra ferðajónustuaðila við miðlun upplýsinga til þjónustuþega upplýsingamiðstöðvarinnar

### 2.gr.

Rekstraraðili og tengiliður Árborgar skulu funda reglulega til að fara yfir stöðu mála, nýjungar á svæðinu og önnur atriði sem gætu komið upp og þarf að leysa.

### 3.gr.

Rekstraraðili fær allar þær tekjur sem kunna að skapast kringum rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar í „Egilsson húsinu“ á Selfossi t.d. í formi sölu á minjagripum, kortum eða öðrum vörum sem eru til sölu í verslun rekstraraðila.

Rekstraraðila er óheimilt að fjárskuldbinda Árborg í tengslum við reksturinn nema að fengnu samþykki Árborgar.

### 4.gr.

Utan á húsnæði rekstraraðila skal það vera sýnilegt að í því sé upplýsingamiðstöð ferðamanna á Selfossi. Samstarf skal haft við tengilið Árborgar um merkingar og reynt að koma bæði fyrir merkingum á húsnæði sem og við Tryggvatorg sé þess kostur.

Leitast skal við að halda svæðinu sem upplýsingamiðstöðin fær í húsnæðinu snyrtilegu þannig að sómi sé að fyrir báða aðila.

### 5.gr.

Fyrir rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar greiðir Árborg rekstraraðila kr. 300.000 á mánuði eða samtal kr. 1.200.000- árið 2021. Árið 2022 greiðir Árborg rekstraraðila kr. 305.000- á mánuði fyrir utan fjóra mánuði yfir sumartímann (maí til ágúst). Þá mánuði fær rekstraraðili greiddar mánaðarlega kr. 600.000-. Árið 2022 greiðir Árborg rekstraraðila samtals kr. 4.840.000

Þessum greiðslum er ætlað að standa straum af öllum rekstrarkostnaði á upplýsingamiðstöð á Selfoss í húsnæði rekstraraðila á grundvelli samnings þessa.

Árborg mun auglýsa staðsetningu upplýsingamiðstöðvar í öllu ferðatengdu markaðsefni sem Árborg tekur þátt í líkt og ferðahandbækur, vef- og samfélagsmiðlar og fleira.

Rekstraraðili skuldbindur sig til að skila inn tölulegum upplýsingum um aðsókn í upplýsingamiðstöðina og taka þátt í mögulegum spurningavagni sem ferðamenn gætu svarað rafrænt.

#### 6.gr.

Samningsaðilar eru sammála um að opnunartími upplýsingamiðstöðvarinnar skuli vera rúmur og miðast við almennan afgreiðslutíma þjónustuaðila í miðbæ Selfoss, virka daga 9:00-18:00 og laugardaga 10:00-16:00. Mögulega bætist við opnun á sunnudögum og telst sú viðbót ekki til kostnaðarauka á samningi þessum.

Miðað er við að þjónusta upplýsingamiðstöðvarinnar nái bæði til íslenskra og erlendra ferðamanna sem eiga leið um svæðið og eða dvelja á svæðinu.

#### 7.gr.

Tengiliðir vegna samnings þessa eru frá Pennanum/Eymundsson, Borgar Jónsteinsson, [borgar@penninn.is](mailto:borgar@penninn.is) og Sesselía Dan Róbertsdóttir, verslunarstjóri og frá Árborg Ólafur Rafnar Ólafsson, [olafur.rafnar@arborg.is](mailto:olafur.rafnar@arborg.is) og Bragi Bjarnason, [bragi@arborg.is](mailto:bragi@arborg.is).

#### 8.gr.

Samningur þessi gildir frá 1.september 2021 og út árið 2022.

Báðir aðilar eru sammála að farið verði yfir samninginn vorið 2022 og aftur haustið 2022 í ljósi breytinga í ferðajónustu eftir Covid. Uppsagnarfrestur á samningi þessum er þrír mánuðir og gildir það um báða aðila. Skal uppsögn á samningi þessum gerð skriflega.

#### 9.gr.

Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum, getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi tveimurmánuðum eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.

Selfossi, 26.ágúst 2021

F.h. Sveitarfelagsins Árborgar

Gisli Halldór Halldórsson,  
bæjarstjóri

Með fyrirvara um samþykki bæjarráðs Árborgar

F.h. Pennans/Eymundssonar

Borgar Jónsteinsson,

Vottar:

687 6mm 250481 - 5359

Sesselía Dan Róbertsdóttir 070998-2469